

Safnkosturinn

Náttúrugripum hefur allt frá upphafi verið safnað fyrst og fremst til rannsókna og kennslu. Aðeins örlítill hluti safnkostsins er hafður til sýnis og ræðst það af áherslum í fræðslustefnu hverju sinni hvaða gripir það eru. Á fyrstu starfsárum Náttúrugripasafnsins var mikil áhersla lögð á að útvega gripi sem hentuðu til almenningsfræðslu. Sýningin í Safnahúsinu fylgdi hefðbundinni 19. aldar framsetningu sem þá tíðkaðist í hinum vestræna heimi. Áhersla var lögð á að upplýsa almenning um fjölbreytni lífvera og steina, með erlendum sem innlendum gripum. Minni áhersla var lögð á að varpa ljósi á samspil tegunda og ferla í náttúrunni, eins og síðar varð ráðandi.

Þegar í upphafi var mikill metnaður lagður í að byggja upp vandaðan safnkost. Erlendir gripir voru ýmist keyptir til safnsins, þeir fengnir í skiptum fyrir innlenda gripi eða sem gjafir. Gripir sem voru á sýningu í Safnahúsinu komu meðal annars frá *Smithsonian National Museum of Natural History* í Bandaríkjunum og *Natural History Museum* í Lundúnum. Íslenskum náttúrugripum var skipulega safnað af fyrstu náttúrufræðingum Íslands, gjarnan í tengslum við rannsóknir þeirra. Einnig var töluvert um að alþýðufólk færði safninu markverða gripi til varðveislu.



Lúsifer
Himantolophus groenlandicus.

Geirfugl
Pinguinus impennis,
ásamt eggi.

Tígrisdýrið

Einn eftirminnilegasti gripurinn sem til sýnis var í Náttúrugripasafninu á tímum þess í Safnahúsinu er tígrisdýrið. Sökum vinsælda er þetta aldna tígrisdýr aftur komið í húsið þar sem það er til sýnis á sýningunni *Að spyrja Náttúruna* – *Saga Náttúrugripasafnsins*. Tígrisdýrið er í góðum félagskap annarra gripa úr Náttúrugripasafninu, svo sem apa, skrautfugla, skriðdýra, geirfugls og plöntusýna.



Eftt hefur verið til samkeppni um bestu teikninguna af tígrisdýri! Ef þig langar að taka þátt skaltu senda myndina þína til Náttúrufræðistofnunar Íslands, Hlemmi 3, 125 Reykjavík, með nafni, símanúmeri/netfangi og aldri. Vegleg verðlaun verða í boði fyrir bestu myndina! Úrslit verða kynnt síðar á árinu.

Texti: Birta Bjargardóttir, Guðmundur Guðmundsson,
Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson
Myndir: Anette Th. Meier, August Hesselbo, Kjartan Birgisson et al.
Uppsetning og kortagerð: Anette Th. Meier



Framleitt á umhverfisvænan pappír

www.ni.is



ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400
www.thjodmenning.is
Sýningar eru opnar alla daga
frá kl. 11 til 17
Ókeypis aðgangur á miðvikudögum

Að spyrja Náttúruna

Saga Náttúrugripasafnsins

Sýningin segir sögu Náttúrugripasafnsins frá því það var stofnsett 1889 þar til því var lokað tímabundið fyrir almenningi 2008. Blómaskeið safnsins var á fyrstu áratugum 20. aldar þegar það var til húsa í Þjóðmenningarhúsinu, sem þá hét Safnahúsið.

Náttúrugripasafnið á sér langa og merka sögu, þótt mótbyr og aðstöðuleysi hafi oft sett safninu skorður. En saga safnsins sýnir líka að fátt fær bugað þrá mannsins eftir skilningi á samspilinu við aðrar verur og lífríki jarðar, þá mannlegu viðleitni að leita eftir merkingu í tilverunni. „Að spyrja náttúruna“ endurspeglar áhuga manna á margvíslegum og undursamlegum fyrirbærum hennar en einnig löngun til að lýsa og rannsaka náttúruna til fróðleiks, ánægju og virðingar. Þessi viðleitni hefur fylgt mannkyni frá alda öðli og oftar en ekki tengst lífsbaráttu, menningu og atvinnuháttum.

Náttúrugripasafnið var lengi á hrakhólum og flutti sex sinnum fyrstu 18 árin, en þá fékk það inni í Safnahúsinu. Þar átti safnið sitt blómaskeið í fimmtíu ár þar til það var tekið niður og sett upp til bráðabirgða á Hlemmi. Í dag er sýningarsafnið lokað almenningi á ný.



Fyrstu forstöðumenn

Benedikt Gröndal forstöðumaður 1889–1900

Fyrsti formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og forstöðumaður Náttúrugripasafnsins var Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson ritstjóri og skáld. Benedikt var listateiknari og teiknaði íslensk dýr og kom upp góðu myndasafni af þeim. Hann vann íslenskum náttúrufræðum ómetanlegt gagn og var jafnframt ötull safnari náttúrugripa.

Helgi Pjeturss forstöðumaður 1900–1905

Helgi Pjeturss tók við sem forstöðumaður árið 1900. Helga er einkum minnst sem afar skarpskyggns jarðfræðings sem fyrstur áttaði sig á þætti ísaldar í myndun grágrytis og móbergs.

Bjarni Sæmundsson forstöðumaður 1905–1940

Bjarni var þriðji formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags og forstöðumaður Náttúrugripasafnsins og gegndi því starfi til dauðadags. Hann er þekktastur fyrir rannsóknir sínar í fiskifræði. Mest ritverka hans er ritsafnið Íslensk dýr, í þremur stórum bindum: Fiskarnir (1923), Spendýrin (1932) og Fuglarnir (1936).

1889 Náttúrugripasafn og Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað, þann 16. júlí



1889–1900 Benedikt Gröndal forstöðumaður →

1895 Safnið opnað almenningi í Glasgow. Opið var á hverjum sunnudegi eftir messu, nema í skammdeginu og frameptir meðan kalt er



1900–1905 Helgi Pjeturss forstöðumaður →

1905–1940 Bjarni Sæmundsson forstöðumaður →



1908 Safnið fékk aðstöðu í Safnahúsinu og var þar til húsa í rúmlega hálfa öld. Til umráða var 130 m² salur auk 50 m² geymslu

1947 Safnið var afhent íslenska ríkinu

1951 Fyrstu lög um safnið sett og það nefnt Náttúrugripasafn Íslands

1960–1967 Þegar safnið flutti úr Safnahúsinu féll sýningahald niður í 7 ár. Safnkosturinn var fluttur að Hlemmi árið 1960, en sýningaraðstöðu var ekki komið þar upp fyrr en árið 1967

1965 Nafni safnsins breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands og kveðið á um skylduna að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins

1992 Lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur sett. Samkvæmt þeim var opnað fyrir aðkomu fleiri aðila að sýningarstarfseminni

2001 Með safnalögum 2001 var sýningarþáttur Náttúrugripasafnsins færður í nýtt höfuðsáfn, Náttúruminjasafn Íslands, undir menntamálaráðuneyti

2007 Lög um Náttúruminjasafn Íslands voru sett árið 2007 og í framhaldi af því var sýningarsölum Náttúrufræðistofnunar að Hlemmi lokað 1. apríl 2008

20?? Nýir sýningarsalir verða opnaðir á vegum Náttúruminjasafns Íslands, en rannsókna- og vísindagripir verða áfram í umsjón Náttúrufræðistofnunar Íslands

Bæjarskrá Reykjavíkur 1917: Borgarskjalasafn Reykjavíkur